



31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 18. – 19. október 2019 á Akureyri

Ályktun um atvinnulýðræði

Starfsfólk í stjórnir fyrirtækja

31. þing Landssambands Íslenskra verzlunarmanna telur að nauðsynlegt sé að auka atvinnulýðræði til þess að bregðast við þeim breytingum sem við nú stöndum frammi fyrir vegna þess sem nefnt hefur verið einu nafni fjórða iðnbyltingin.

Ísland stendur langt að baki þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við að þessu leyti og teljum við tíma til kominn að við stöndum þeim jafnfætis. Vinna hefur nú þegar hafist innan aðildarfélaga LÍV við að móta stefnu og hugmyndir um framkvæmd atvinnulýðræðis héraendis. Er þetta gert til þess að tryggja að afrakstur tækniframþróunar skili sér til launafólks og samfélagsins alls.